

## Stutt ristilspeglun

Miðstöð meltingarlækninga, 3. hæð vesturhús, Læknastöðinni Glæsibæ  
Álfheimum 74, 104 Reykjavík, [www.mml.is](http://www.mml.is)

### Almennar upplýsingar

Stutt ristilspeglun er örugg rannsókn, sem framkvæmd er af meltingar sérfræðilæknum, þar sem endaparmur og neðsti hluti ristilsins er skoðaður.

### Leiðbeiningar um undirbúning fyrir stutta ristilspeglun

Mikilvægt er að hreinsa út neðsta hluta ristilsins fyrir rannsóknina. Þú þarft að kaupa tvo skammta af **KLYX innhellilyf** sem fæst í án lyfseðils í apóteki og fara eftir eftirfarandi leiðbeiningum:

<b>ATH! Í 2-5 DAGA FYRIR RANNSÓKNINA</b>	Ef þú tekur <b>blóðþynnandi lyf</b> s.s. Xarelto, Eliquis, Lixiana, Kóvar, Warfarin, Plavix, Grepid, Clopidogrel, Brilique, Ticlid, Effient eða Pradaxa er stundum ráðlagt að gera hlé á inntöku lyfjanna, en <b>einungis í samráði við lækni</b> . Öll önnur lyf áttu að taka eins og vanalega.
<b>KVÖLDIÐ FYRIR RANNSÓKN</b>	Notar þú <b>fyrri skammtinn af Klyx um kl 21/22</b> Lyfinu er sprautað inn um endaparm. Þú fylgir leiðbeiningum í fylgiseðli.
<b>SAMA DAG OG RANNSÓKN FER FRAM</b>	<b>2 klst. fyrir</b> speglun notar þú <b>seinni skammtinn af Klyx</b> . Þú fylgir leiðbeiningum í fylgiseðli.  Þú þarft ekki að fasta fyrir rannsóknina.

### Framkvæmd rannsóknar

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur á móti þér og vísar þér inn á stofu þar sem þú skiptir um föt. Í rannsókninni liggur þú á bekk á vinstri hlið með bogin hné. Þú hefur tækifæri til að tala við sérfræðilækninn áður en speglunin hefst.

Oftast er ekki þörf á lyfjaforgjöf fyrir stutta ristilspeglun þar sem tekur rannsóknin um 5-15 mín. Ef þú hins vegar óskar eftir lyfjaforgjöf, **þá mátt þú ekki aka bíl eða stjórna vélum í amk 6 klukkustundir eftir**.

Sérfræðilæknir þræðir speglunartækið frá endaparmi og skoðar neðsta hluta ristilsins. Loft er notað til að blása ristilinn upp. Sýni eru tekin eftir þörfum og hægt er að fjarlægja flesta sepa sem greinast í spegluninni. Einnig framkvæma skurðlæknar meðferðir í kjölfar speglunar s.s. teygjumeðferð á gyllinæð.

## Eftir rannsóknina

Þá klæðir þú þig. Ef þú hefur fengið lyfjaforgjöf hvílir þú þig um stund á vöknun. Sérfræðilæknirinn ræðir við þig og fer yfir niðurstöður rannsóknarinnar, eftir það getur þú farið heim. Þú mátt borða eðlilega eftir speglunina.

Ef vefjasýni voru tekin verður haft samband við þig þegar niðurstöður liggja fyrir.

Ef nánari upplýsinga er þörf hafið þá samband við starfsfólk okkar í síma  
**535-6800** alla virka daga milli kl. 08-16.

Gangi þér vel,  
Kveðja,  
starfsfólk Miðstöð Meltingarlækninga

---

### **Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum**

Guðmundur Ragnarsson, læknir, PhD.  
Hafsteinn Óli Guðnason, læknir.  
Halldóra Kristín Magnúsdóttir, læknir.  
Kjartan B. Örvar, læknir.  
Sigurjón Vilbergsson, læknir.  
Trausti Valdimarsson, læknir, PhD.

### **Sérfræðingar í skurðlækningum**

Anna Sverrisdóttir, læknir.  
Helgi Birgisson, læknir, PhD.  
Sigurður Blöndal, læknir.